

24. gr.

45

4. júní

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1924 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.

L Ö G

um

46

4. júní

útsvarsálagningu erlendra váttryggingarfjelaga.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er að leggja aukaútsvar til bæjar eða hrepps á erlend tryggingarfjelög, sem ekki eru með sjerstökum lögum undanþegin opinberum gjöldum, þar sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er búsettur, eftir veltu og ágóða fjelagsins af starfsemi hjer á landi.

Ef fjelag hefir fleiri en einn aðalumboðsmann eða vafi er á um það, hvar aðalumboðsmaður þess er hjer á landi, sker ráðherra úr, hvar útsvar skuli á fjelagið leggja.

46
4. júní

2. gr.

Aðalumboðsmaður ber ábyrgð á greiðslu útsvarsins sem sjálfs sín skuld, enda má taka eignir hans lögtaki í því skyni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amáluborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

4
4. júní

LÖG

um

aukaútsvör ríkisstofnana.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Engin stofnun ríkisins er aukaútsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Verslunarstofnanir ríkissjóðs skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. mars ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur. Aðrar stofnanir greiða ekki þennan skatt.